

19. APR. 2023

Málavikil: 19.3

Mosfellsbær  
Kristinn Pálsson, skipulagsfulltrúi  
Þverholt 2  
270 Mosfellsbær

Reykjavík, 14. apríl 2023  
Tilvísun: 202303044 / 3.4

## Efni: Deiliskipulag Suðurlandsveggar frá Fossvöllum að Hólmsá, Kópavogsbær og Mosfellsbær

Kópavogsbær og Mosfellsbær hafa, með erindi dags. 13. mars 2023, sent Skipulagsstofnun ofangreint deiliskipulag til yfirferðar samkvæmt 1. mgr. 42. gr. skipulagslaga og var málsmeðferð skv. 41. gr. laganna. Athugasemdafresti lauk 14. október 2022. Deiliskipulagið var samþykkt í bæjarstjórn Kópavogsbæjar, þann 14. febrúar 2023 og í bæjarstjórn Mosfellsbæjar þann 15. febrúar 2023 ásamt umsögn Kópavogs og Mosfellsbæjar um framkomnar athugasemdir, dags. 1. febrúar 2023. Athugasemdir bárust frá almenningi á kynningartímanum og umsagnir bárust frá opinberum umsagnaraðilum.

Fyrir liggur niðurstaða Skipulagsstofnunar vegna ákvörðunar um matskyldu vegna fyrirkomulags hliðarvega, dags. 18. nóvember 2021. Auk þess liggur fyrir álit Skipulagsstofnunar um matskýrslu fyrir breikkun Suðurlandsveggar, frá Hólmsá ofan Reykjavíkur að Hveragerði, dags. 9. júlí 2009.

Í deiliskipulaginu felst breikkun Suðurlandsveggar frá Fossavöllum að Hólmsá. Auk þess er gert ráð fyrir hliðarvegi milli núverandi vegar að Waldorfskóla og vegi að Lækjarbotnalandi. Gert er ráð fyrir reiðstígum og undirgögn undir Suðurlandsveg.

Í samræmi við ákvæði 1. mgr. 42. gr. þá ákvað Skipulagsstofnun að taka deiliskipulagið til nánari skoðunar og var sveitarsfélaginu tilkynnt um þá ákvörðun þann 3. apríl 2023 þar sem einnig var tilkynnt um tafir á afgreiðslu.

Deiliskipulagið er sett fram í greinargerð með umhverfisskýrslu dags. 30. júní 2022, með breytingum dags. 2. febrúar 2023 og á þremur uppdráttum, deiliskipulagsuppdráttur (B101) í mkv. 1:10.000 og skýringaruppdrættir (B102 og B103) í mkv. 1:4000, dags. 30. júní 2022, með breytingum dags. 2. febrúar 2023.

Skipulagsstofnun getur ekki tekið afstöðu til deiliskipulagsins vegna eftirfarandi:

- Óljóst er hvernig fyrirhuguð gatnamót við Lækjarbotna samræmast ákvæðum Aðalskipulags Kópavogs 2019-2040 sem gera ráð fyrir mislægum gatnamótum.
- Í deiliskipulagsgögn vantar að setja fram skýra skipulagsskilmála, s.s. hvað varðar breidd vegar, akreinafjölda, vegaxlir, útfærslu gatnamóta, brú, snið og fleira sem við á.
- Bregðast þarf við umsögn Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur og setja fram skilmála sem tryggja að vatnsverndarsvæðið mengist ekki á framkvæmdartíma.
- Setja þarf fram skilmála fyrir hljóðmanir, s.s. hvað varðar hæð og breidd þeirra, efnisnotkun og fleira sem getur átt við.
- Stofnunin mælir með að uppdrættir B102 og B103 séu ekki skýringaruppdrættir heldur deiliskipulagsuppdrættir og séu settir fram í mkv. 1:500 til 1:2000 til að auka skýrleika gagna (sbr. gr. 5.5.3 í skipulagsreglugerð).



Að lokum bendir stofnunin á að ekki á við að merkja gögn „tillaga“ eftir að gögn hafa verið endanlega samþykkt í sveitarstjórn.

*Sóley Ósk Sigurgeirsdóttir*  
Sóley Ósk Sigurgeirsdóttir

Afrit sent á Kópavogsbæ